

# Ísak stofnaði skóla

Ísak Jónsson var kennari.

Hann vildi stofna skóla fyrir börn.

Hann fór til annarra landa og skoðaði skóla.

Þar lærði hann nýjar leiðir til að kenna.

Síðan stofnaði hann skóla í Reykjavík.

Í byrjun var skólinn lítill.

Seinna komu fleiri börn í skólann.

Börnin lærðu að lesa, skrifa og reikna.

Þau gerðu líka verkefni, teiknuðu og unnu með ýmsa hluti.

Skólinn stækkaði.

Þá þurfti stærra hús.